



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. desember 2016

Umsögn Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) um frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2017

FÍB gerir athugasemdir við hækkun á eldsneytisgjöldum frá 4,7% til 6,1%. Þetta er veruleg hækkun umfram þróun verðlags sem er um og undir 2% á sama tíma. Sama á við um bifreiðagjaldið sem hækkar um 4,7%. Aðeins hluti þessara gjalda rennur til uppbyggingar vega.

Í þessu frumvarpi til fjárlaga er einnig boðaður verulegur samdráttur í uppbyggingu og viðhaldi vega miðað við samgönguáætlun fyrir árin 2015 til 2018 sem samþykkt var á Alþingi í október 2016.

Gera má ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af bílum og umferð séu um 70 milljarðar króna. Örugger umferð varðar alla og skilar sér ríkulega til alls samfélagsins. Uppbygging vegakerfisins er ekki bara öryggismál heldur einnig byggða- og atvinnumál.

Vegakerfið er að grotna niður vegna aukins umferðarpunga og uppfyllir víða ekki lágmarks öryggiskröfur. Það þarf þjóðarsátt um uppbyggingu innviða og FÍB hvetur Alþingi til dáða í þeim efnum.

Virðingarfyllst,

Félag íslenskra bifreiðaeigenda

Runólfur Ólafsson
Framkvæmdastjóri

